

Stjórnarfundur Leiknar: föstudaginn 22. janúar 2021

Staður: Fjarfundur í Teams

Mætt: Eyjólfur, Eyrún, Fjóla María, Guðfinna, Helgi, Ingibjörg og Þór.

Farið yfir verkefni Leiknar fyrir vormisseri 2021

1. Könnun Leiknar

Hverja ætlum við að senda á? Ætlum að senda sem víðast. Reyna að senda út í febrúar.

2. Blaðagreinar

Helgi tók að sér að skrifa greinar um fullorðinsfræðslu fyrir Leikn. Fyrsta greinin var birt 20. janúar í Fréttablaðinu og fjallaði um [fullorðinsfræðslu sem áhrifafl í íslensku samfélagi](#). Áætlun greinaskrifa fyrir vormisseri 2021:

- Febrúar: Borgaravitund og lýðræði
- Mars: Heilsa og velferð – hugmynd að tengja efnið við nýju námskrána Líf og heilsa.
- Apríl: Stafræn hæfni
- Maí: Félagsleg samheldni

Sú hugmynd kom upp að reyna að tengja vottaðar námskrár við hverja grein.

3. Ráðstefna Kvasis

Hefur verið frestað, það er verið að endurskipuleggja nýjan tíma sem verður kynntur síðar.

4. Gagnageymslumál

Verkefni hefur verið lokið, búið að setja allt á One Drive.

5. Fræðsluerindi Leiknar

Erindin eru í bið. Bíðum eftir niðurstöðum könnunnar og stefnum á að fara af stað með erindi eða jafnvel menntabúðir í mars / apríl. Ýmsar hugmyndir um þetta en allir sammála um að það þurfi að breyta erindunum, gera þau nútímalegri og þar með ná til fleiri. Hugmyndin um menntabúðir gæti komið sterkt inn.

6. Erasmus styrkir

- Námsferð Leiknar** – búið að fá frest á verkefninu. Til stóð að stjórnin færi í námsferð til Danmerkur en með frestun verður þetta að gerast í síðasta lagi næsta haust. Það er enn möguleiki að heimsækja þá staði sem fyrirhugað var að heimsækja. Þurfum að sjá hver staðan út frá Covid verður eftir nokkra mánuði.
- Námsheimsóknir** fyrir aðildarfélög Leiknar. Þarf að kynna þetta fyrir félagsmönnum, Helgi, Fjóla og Þór ætla að forma þetta frekar og koma með tillögur fyrir næsta stjórnarfund.

7. Aðalfundur Leiknar

Á eftir að ákveða hvort fundurinn verði samhliða aðalfundi Kvasis sem verður í lok apríl og hvort fundurinn verði í fjarfundi eða á staðnum. Tökum ákvörðun um þetta síðar.

8. Annað

- a. Sam hópurinn:
Störfum lokið. Samþykkt auka fjármagn upp á 800 milljónir í námsleiðir til tveggja ára. Féð er ekki komið í Fræðslusjóð. Það liggja fyrir drög að samningi á milli VMST og FRÆ hvernig Símenntunarstöðvar geta sótt í sjóðinn til að fara af stað með námsleiðir.

Fundi slitið kl 12:45. Næsti fundur er 19. febrúar 2021 kl 12:00.

Ingibjörg Kristinsdóttir
ritari